



SAMEYKI

Tímarit Sameykis / 2. tbl. 2025 / sameyki.is



SAMEYKI

Leiðari Sameinuð höfum við slagkraft **Af aðalfundi** Farið yfir atburði viðburðaríks árs **Mannauðsstjórn** Árangurinn byrjar og endar með starfsfólkinu **Hástökkvarinn í mannauðskönnuninni** Þýðir ekki að koma pirruð í vinnuna **Stofnun ársins** Starfsfólkið eins og ein stór fjölskylda **Fjársjóður safnsins** Gott fyrir móralinn þegar allir vinna saman **Stýrivextir Seðlabanka** Frúin í Þórshöfn

Ábyrgðarmaður
Gunnsteinn R. Ómarsson

Ritstjóri
Axel Jón Ellenarson

Greinarhöfundar
Axel Jón Ellenarson
Bjarni Brynjólfsson
Breki Karlsson
Haraldur Jónasson
Kári Sigurðsson
Óli Kr. Ármannsson

Prófarkalestur
Bjarni Benedikt Björnsson

Forsíðumynd
Halldór Baldursson

EFNISYFIRLIT

- 2 Leiðari
- 4 Af vettvangi Sameykis
- 6 Árangurinn byrjar og endar með starfsfólkinu
- 8 Frá aðalfundi
- 10 Ályktanir aðalfundar
- 12 Þýðir ekki að koma pirruð í vinnuna
- 15 Fjölskyldudagur í Heiðmörk
- 17 Starfsfólkið eins og ein stór fjölskylda
- 20 Gott fyrir móralinn þegar allir vinna saman
- 24 Að grilla eða ekki grilla
- 26 Frúin í Þórshöfn
- 28 Heiðrun trúnaðarmanna
- 30 Vinningshafi krossgátunnar
- 31 Krossgáta

Skrifstofa Sameykis
Grettisgata 89 - 105 Reykjavík.
Opíð mán.-fim. 9:00-15:00 og fös. 9:00-13:00.
Sími: 525 8330.

Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is
ISSN: 1670-881

Prentun
Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið prentað með Svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.



Sameinuð höfum við slagkraft

Sameyki er þriðja stærsta stéttarfélag landsins – staðreynd sem hvorki almenningur né stjórnvöld virðast gera sér fulla grein fyrir. En hvað með okkur sjálf? Veit félagsfólkið okkar fyrir hvað Sameyki stendur og hvers vegna stærð félagsins skiptir máli? Erum við sem félag meðvituð um þann styrk sem þessi staða gefur okkur og ekki síður, ábyrgðina sem henni fylgir?

Á tímum sem þessum, þegar öfl í samfélaginu vinna markvisst að því að grafa undan verkalýðshreyfingunni og hlutverki hennar, er það skylda okkar – sem stórs og öflugs félags – að berjast gegn niðurrifstali til opinberra starfsmanna og standa vörð um réttindi félagsfólks. Með því verjum við reyndar réttindi alls launafólks í landinu og Sameyki er því með réttu stéttarfélag í almannapágu.

Það er áhyggjuefni að á síðustu miss-erum hafa komið fram tillögur sem vega að réttindum opinberra starfsmanna – réttindum sem unnist hafa í harðri baráttu undanfarinna áratuga. Hefur snjóað yfir þá staðreynd að þessir starfsmenn gegna lykilhlutverki í aðhaldi og eftirliti með yfirmönnum sínum? Er eðlilegt að starfsfólki sem skilur hlutverk sitt og ber ábyrgð geti jafnvel verið vikið úr starfi fyrir að standa vörð um fagmennsku og réttsýni? Hvers konar samfélag leyfir að starfsfólk sé látið fara fyrir það eitt að vinna vinnuna sína af heilindum? Slíkt er ekki aðeins áráð á viðkomandi heldur áráð á heilbrigða stjórnsýslu og lýðræðisleg vinnubrögð.

Tími til að þetta raðirnar

Senn líður að 1. maí – degi sem er ekki aðeins táknrænn í huga verkalýðshreyfingarinnar, heldur áminning um það sem við höfum áunnið og það sem við eigum enn eftir að ná fram. Í þessu samhengi er því líka mikilvægt að minna á Kvennaárið, en 1.maí verður lögð mikil áhersla á þessi málefni. Í ár er brýnt að við minnum á okkur og sýnum hvers megnug við erum.

Við þurfum að virkja raddir alls félagsfólks, fræða um réttindi og kjör og sameina krafta allra stéttarféлага í landinu. Þetta er tíminn til að snúa vörn í sókn. Við hvetjum því allt launafólk til að fjölmenna í 1. maí kröfugöngu og sýna með því samstöðu. Þegar við stöndum saman náum við þeim slagkrafti sem þarf til að knýja fram raunverulegar breytingar.

Trúnaðarmenn í lykilhlutverki

Trúnaðarmannaráð Sameykis kemur saman 15. maí og er það lokafundur þessa trúnaðarmannaráðs. Í maí komandi mun félagsfólk á hverjum vinnustað kjósa trúnaðarmenn fyrir Sameyki til næstu tveggja ára. Trúnaðarmenn eru burðarstoð félagsins – tengiliðir, talsmenn og verndarar réttinda á vinnustöðum landsins.

Við ætlum að styðja trúnaðarmenn í störfum þeirra til þess að þeir geti gegnt sínu mikilvæga hlutverki með festu og af fagmennsku – nú og til framtíðar. Á fundinum verða jafnframt kynnt drög að starfsreglum stjórnar Sameykis sem byggja á ákvörðunum síðasta aðalfundar og fela í sér markviss skref til að auka gagnsæi, skilvirkni og traust innan félagsins. ■

Kári Sigurðsson
Formaður Sameykis



Vertu með í öflugum hópi trúnaðarmanna



Kosning
trúnaðarmanna
Sameykis fer fram
1. maí – 31. maí

Hlutverk trúnaðarmanns á vinnustað er
margþætt og í því felast bæði tækifæri og
áskoranir.

Trúnaðarmaður er valinn af vinnufélögum
sínum og er ómissandi í skilvirku gangverki
vinnustaðarins.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Erna
Arnardóttir á netfangið kristin@sameyki.is.

Komdu í hóp öflugra trúnaðarmanna.



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU

Kjarasamningur

Heildarkjarasamningur Sameykis og ríkissjóðs

Sameyki og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, hafa gefið út heildarkjarasamning sem byggir á þeim samningum sem hafa verið undirritaðir af aðilum.

Í kjarasamningi aðila sem undirritaður var í júní 2024 var gerð bókun um útgáfu heildarkjarasamnings. Aðilar voru sammála um að fella texta nýjasta samningsins að heildartexta kjarasamnings og eftir atvikum taka út bókanir sem ekki áttu lengur við. Var farin sú leið að miða heildarkjarasamninginn við 1. nóvember 2024 þrátt fyrir að gildistaka hans sé frá og með 1. apríl 2024. Ástæða þess er að miklar breytingar á kjarasamningnum, svo sem breytingar sem snúa að fylgiskjöllum 1 og 2 um betri vinnutíma, tóku ekki gildi fyrir en 1. nóvember 2024.

Jafnframt viljum við benda á að við gerð heildarkjarasamningsins var bókun um önnur laun uppfærð og er nú bókun 6 undir bókunum 2024 (var áður bókun 9 frá árinu 2019). Uppfærslan felur í sér að á samningstímanum skuli önnur laun skv. grein 1.1.3 taka hækkun um:

- 3,25% hækkun frá 1. apríl 2024
- 3,5% hækkun frá 1. apríl 2025
- 3,5% hækkun frá 1. apríl 2026
- 3,5% hækkun frá 1. apríl 2027



Einnig viljum við vekja athygli á leiðbeiningum stýrihóps um betri vinnutíma sem snúa að ýmsum ákvæðum samningsins. Þeim er ætlað að auka gagnsæi og tryggja sameiginlegan skilning aðila á efni og framkvæmd samningsins. Þær taka meðal annars til ráðninga í tímavinnu, mönnunar á stórhátíðardögum og hléa frá vinnu í ljósi nýs vinnutímafyrirkomulags. Við hvetjum félagsfólk til að kynna sér leiðbeiningarnar.

Kaup og kjör

Heildarkjarasamninginn, launatöflur og leiðbeiningarnar eru að finna á vef Sameykis. ■

Tímarit Sameykis 1. maí fjallar um jákvæða vinnustaðamenningu

Þátttakendur í stofnun ársins hafa aldrei verið fleiri, en að þessu sinni tóku tæplega 17.400 þátt í könnuninni, sem er samstarfsverkefni Sameykis, Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og fjölmargra annarra stofnana. Könnunin nær til um 35.000 manns á opinberum vinnumarkaði og svarhlutfallið því tæplega 52%. Reykjavíkurborg var nú þátttakandi í könnuninni með allt starfsfólk í þriðja sinn, en allt ríkisstarfsfólk hefur tekið þátt síðan 2011.



1. maí tímarit Sameykis er tileinkað könnuninni að hluta en í viðtölum blaðsins er rætt við fulltrúa nokkurra þeirra stofnana sem fengu viðurkenningu sem Stofnun ársins 2024 og grafit fyrir um hvað búi að baki jákvæðri og góðri vinnustaðamenningu. Og kannski kemur ekki á óvart að þar skiptir fólkið máli, líkt og fram kemur í máli Snorra Jónssonar, mannauðsstjóra menningar- og viðskiptaráðuneytisins, hástökkvara ársins, þegar hann var spurður hverju þakka

mætti árangurinn. „Hann byrjar og endar með fólkinu,“ sagði Snorri, en bætir um leið við að sömuleiðis þurfi að vera til staðar vilji stjórnenda til að laga þá hluti sem ekki hafa verið í lagi. Stofnanir ársins 2024 reyndust Félagsmiðstöðin Sigyn, Fjölbautaskóli Suðurnesja, Heilsustofnun NLFÍ, Hitt húsið, Kvikmyndasafn Íslands, Leikskólinn Lyngheimar og Þjóðskrá Íslands, en hástökkvarnir Íbúðakjarni Rökkvutjörn og Menningar- og viðskiptaráðuneytið.

Niðurstöðurnar voru kynntar undir miðjan febrúar en titlana Stofnun ársins - ríkisstofnanir, Stofnun ársins - borg og bær og Stofnun ársins - sjálfseignastofnanir og fyrirtæki í almannapjónustu hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr í þeim níu þáttum sem könnunin byggir á að mati starfsfólks þeirra. Um er að ræða mat á innra starfsumhverfi stofnana og starfsstaða. Þættirnir níu eru trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolt og jafnrétti. ■

Við sköpum verðmætin

Baráttudagur launafólks 1. maí ber í ár yfirskriftina **VIÐ SKÖPUM VERÐMÆTIN**. Áhersla á þá vitneskju, auk þeirrar baráttu sem fram fer í nafni Kvennaárs 2025, setur mark sitt á sameiginleg hátíðahöld verkalýðsfélaganna.

Konur taka yfir sviðið í dagskrá dagsins um allt land. Í Reykjavík setur tilvísun í 1. maí 1970 sterkan svip á gönguna. Sá dagur markaði upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar, en konur á rauðum sokkum voru í útvarpsauglýsingu hvattar til að safnast saman í kröfugönguna í Reykjavík. Þar settu þær mark sitt á söguna, en síðar átti þessi hópur hugmyndina og lagði grunn að þeim sögulega viðburði þegar konur lögðu niður störf 24. október á Kvennaárinu 1975. Var þar um að ræða afrakstur samstöðu og samvinnu Rauðsokka og annarra samtaka kvenna og launafólks.

Í ár býður fulltrúaráð verkalýðsins í Reykjavík konum á rauðum sokkum að ganga fremstar í kröfugöngunni sem verður leidd af stórrí kvenfrelsisstytta. Samtök launafólks hafa tekið höndum saman við samtök kvenna, femínista, fatlaðs fólks og hinsegin fólks og lýst því yfir að árið 2025 sé Kvennaár þar sem sérstök áhersla er lögð á upprætingu kynbundins ofbeldis og launamunar kynjanna. Þrátt fyrir að margt hafi unnist er jafnréttisbaráttunni ekki lokið og í samtökum launafólks er fólk af öllum kynjum, stéttum, fjölbreyttum uppruna og bakgrunni, hinsegin fólk og fatlað fólk. Samtök launafólks láta aldrei staðar numið í baráttu fyrir samfélagi þar sem öllum er boðið til leiks í samræmi við eigin getu og hæfileika.

Dagskrá verður fjölbreytt um land allt. Í Reykjavík hefst hún klukkan eitt þegar fólk safnast saman á Skólavörðuholti. Kröfugangan leggur svo af stað niður Skólavörðustíg klukkan hálf tvö. Gengið verður niður Skólavörðustíg, Bankastræti og Austurstræti að Ingólfstorgi. Lúðrasveit verkalýðsins og



Svona er útkoman þegar gervigreindarforrit er beðið um teikningu upp úr mynd af kröfugöngu 1. maí í stíl bandaríska myndlistarmannsins Bill Sienkiewicz.

MYND/MS COPILOT

Lúðrasveitin Svanur spila á Skólavörðuholti og í göngunni niður á Ingólfstorg. Útifundur á Ingólfstorgi hefst svo klukkan tvö. Fundarstýra verður Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir sviðshöfundur og listakona, en ræður flytja Karla Esperanza Barralaga Ocón, starfskona í umönnun, trúnaðarmaður og stjórnarmaður í Eflingu og Jóhanna Bárðardóttir rafveituvirki, rafvirki og trúnaðarmaður RSÍ. Mammaðín og Una Torfa taka lagið og í lok fundar verður hefðbundinn samsöngur.

Sameyki hvetur allt félagsfólk til að mæta í kröfugönguna og sýna í verki þá samstöðu sem samtök launafólks búa yfir. ■



Sumarlokun á skrifstofu Sameykis

Í sumar verður lokað á skrifstofu Sameykis frá og með 21. júlí og fram yfir verslunarmannahelgi, eða til og með 4. ágúst. Skrifstofan opnar aftur 5. ágúst og er agreeðslutími að venju milli kl. 9:00 og 15:00. Félagsfólk í Sameyki er bent á þjónustusiðuna **Mínar síður** á vef Sameykis til að sækja um orlofshús, styrki, greiðslur úr sjúkrasjóði eða nálgast ýmsa aðra þjónustu sem félagið veitir. ■



Árangurinn byrjar og endar með starfsfólkinu

Eftir Bjarna Brynjólfsson



Snorri Jónsson mannauðsstjóri menningar- og viðskiptaráðuneytisins tók á móti viðurkenningu sem ráðuneytið fékk fyrir að vera hástökkvari ársins 2024 í könnun Sameykis um Stofnun ársins. Þá hafði ný ríkisstjórn ákveðið að ráðuneyti menningar og viðskipta yrði lagt niður og málaflokkar þess fluttir til matvælaráðuneytisins annars vegar og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins hins vegar.

Snorri viðurkennir að lítil tækifæri hafi verið fyrir starfsfólkið að fagna viðurkenningunni þar sem rússíbanareid vegna breytinganna tók strax við. „Þetta voru svolítið súrrealískar aðstæður fyrir okkur en engu að síður var mjög ánægjulegt að fá viðurkenningu fyrir að vera frábært ráðuneyti. Við vorum samt ekki lögð niður fyrir að vera það,“ segir hann galvaskur.

Mannauðsstjóri með kennaramenntun

Snorri er tiltölulega nýfluttur ásamt þeim hluta starfsfólks ráðuneytisins sem flutti til háskóla-, iðnaðar- og nýsköp-

unarráðuneytisins á eina hæð í nýrri stuðlabergsklæddri byggingu við Reykjastræti. Í hinu nýja ráðuneyti menningar, nýsköpunar og háskóla sameinast nokkrir málaflokkar eldri ráðuneyta en aðrir málaflokkar flytjast til annarra ráðuneyta. Ráðherra er Logi Einarsson.

Snorri er menntaður kennari en tók mastersgráðu í mannauðsstjórnun. „Ég kenndi í stuttan tíma en fór svo fljótlega að vinna í tæknifyrirtæki og síðar sem mannauðsstjóri eftir að ég hlaut menntun í faginu. Ég kom í ráðuneytið frá Domino's Pizza þar sem ég var mannauðsstjóri, en þar unnu 850 manns þegar mest var.“ Hann kveðst hafa verið farinn að hugsa sér til hreyfings úr pizzunum þegar hann sá stöðu mannauðsstjóra í menningar- og viðskiptaráðuneytinu auglýsta. „Mig langaði til að ögra mér aðeins og fara í geira sem ég þekkti ekki og sótti því um. Ég óttaðist mest að það yrði kannski frekar dauft yfir þessu starfi en raunin hefur verið allt önnur. Bæði er meiri hreyfing á fólki innan stjórnsýslunnar en ég átti von á og svo kom ég inn í nýstofnað ráðuneyti þar sem verkefni voru ærin.“

Þegar Snorri hóf störf í menningar- og viðskiptaráðuneyti Lilju Alfreðsdóttur þáverandi ráðherra var ráðuneytið orðið

eins árs. „Mér mætti gæðafólk, vel menntað og afkastamikið. Nú þekki ég afköst og álag úr einkageiranum. Mýtan um að opinberi geirinn sé eitthvað öðruvísi en einkageirinn var bara söltuð niður í tunnu á viku eitt í nýju starfi,“ segir Snorri.

Starfsfólk í menningar- og viðskiptaráðuneytinu taldi 40 en í nýju ráðuneyti eru um 50. „Við erum búin að vera tvo mánuði að koma málefnum fyrir í sitthvorum ráðuneytinu, atvinnu-vegaráðuneytinu og okkar. Við erum með menninguna, skapandi greinar, fjölmiðla og háskólana. Það er mikið undir, margar og stórar stofnanir og margir milljarðar. Snertiflöturinn er því víða,“ segir Snorri.

Voru neðarlega í Stofnun ársins 2023

En hverju þakkar þú árangurinn í könnuninni?

„Hann byrjar og endar með fólkinu. Það var einnig vilji hjá stjórnendum til að laga þá hluti sem voru ekki í lagi. Ég var búinn að vera hjá ráðuneytinu í mánuð þegar könnunin um stofnun ársins kom 2023, og það verður að viðurkennast að við vorum svolítið að skrapa botninn þá.“

Þið tókuð sem sagt alvöru hástökk?

„Okkur fannst þetta ekki ásættanlegt. Ástæðurnar voru nokkrar en við sáu fljótlega að það væru ávextir í augnhæð sem hægt væri að grípa og laga málin fljótt. Það var til dæmis upplýsingagjöfin. Hvernig er upplýsingum komið á framfæri við starfsfólkið og berast þær á réttum tíma? Við vorum að brenna okkur á því að upplýsingar voru stundum orðnar úrelltar þegar þær bárust. Við gátum því tekið vel til þar. Það fólst í að miðla betur, greina frá því hvað væri að gerast og hvernig málin væru að þróast. Við gerðum það t.d. með því að miðla fundargerðum ráðuneytisins á innri vef hraðar en hafði verið gert. Stundum hafði það dregist vegna þess að það var bara ekki talið forgangsverkefni. Svo tók ráðuneytisstjórinn, Sigrún Brynja Einarsdóttir, upp vikulega örfundi þar sem farið var yfir hvað væri að gerast í starfseminni, hver væri fara með ráðherra hvert og hvað væri að gerast á þinginu. Þessi lifandi upplýsingamiðlun var grundvöllur þess að við hækkuðum mjög skart á þeim mælikvarða.“

Snúið að glíma við húsnæðismálin

Snorri segir að snúnara hafi verið að glíma við húsnæðismálin og starfsaðstöðuna. Ráðuneytið var í húsnæði á þremur hæðum sem voru ekki samliggjandi, þar sem annað ráðuneyti var á hæð á milli. „Það verður nú að segjast að það var svolítið galin uppsetning. Svo kom upp mygla í húsnæðinu. Hluta af starfsstöðinni var lokað og við þurftum að þjappa okkur saman og fara meira í fjarvinnu. Þetta var eiginlega ástæðan fyrir því að við hækkuðum ekki jafn mikið eins og við ætluðum okkur á milli árána 2023 og '24. Svo reyndist hæðin sem við vorum á einnig óhæf til íveru.“

Ráðuneytið flutti þá í Hafnarstræti og starfsfólkið komst loksins fyrir á einni hæð. „Við það varð bragurinn allur annar og samskiptin betri,“ segir Snorri. Hann kveðst ætla að fara sér hægt varðandi að hrista hópinn úr ráðuneytinum tveimur saman. Slíkt taki alltaf ákveðinn tíma. Málaflokkar hins nýja ráðuneytis séu samt að vissu leyti líkari en þeir sem voru í fyrra ráðuneyti. „Það gengur ekki að beita neinu offorsi eða forskrift að ofan. Við erum núna að byrja að vinna saman í



„Við erum búin að vera tvo mánuði að koma málefnum fyrir í sitthvorum ráðuneytinu.“

fyrirkomulaginu og erum aðeins búin að breyta skipulaginu sem allir þurfa að venja sig við. Við þurfum síðan bara að finna taktinn og stofna nýtt starfsmannafélag.“

Stofnun ársins nákvæmt mælaborð

Snorri segir að könnun Sameykis um Stofnun ársins sé frábært mælaborð á gæðum starfsstaða. „Þessi könnun er gefins mælaborð sem gefur mjög nákvæmar niðurstöður. Allir þurfa að taka fullt mark á niðurstöðunum og vinna með þær.“ Hann nefnir sem dæmi að lýsingin hafi verið í ólagi í fyrra húsnæði ráðuneytisins og því miður hafi ekki tekist að laga það áður en könnunin var gerð. „Við gátum aðeins haft áhrif á það hvernig húsnæðið leit út. Þegar við fluttum inn og kveiktum ljósin þá var bara svona skurðstofulýsing. Við vorum eiginlega með ljósin slökkt og bara með lampa. Það sést bara í mælingunni: Lýsing slæm.“

Hann segir að ákveðið hugrekki þurfi hjá stjórnendum til að viðurkenna slakar niðurstöður.

„Við kynntum niðurstöðurnar fyrir starfsmönnum. Staðan er bara svona og nú förum við í úrbótavinnu. Við buðum síðan tveimur af hverri skrifstofu í vinnuhóp og lögðum spilin á borðið varðandi það hvernig mögulegt væri að laga hlutina. Og það fóru bara allir mælikvarðar upp.“

EKKO-stefnan frábært tæki

Vikjum aðeins að öðru. Hafið þið verið að vinna með EKKO-stefnuna?

„Já, hún er frábært tæki til að fræða fólk og hafa skýra ferla ef slík mál koma upp. Við höfum fengið sérfræðinga í svona málum til að fræða starfsmenn. Við tókum upp þann fræðslufund og hann var aðgengilegur í nokkurn tíma á innri vef þannig að allir fengu tækifæri til að kynna sér skilgreiningar á þessum hugtökum. Það þarf að vera skýrt hvað tekur við ef einhver upplifir einelti, ofbeldi eða áreitni.“

Snorri segir að það hafi varla verið dauð stund síðan hann hóf störf hjá stjórnarráðinu. „Við kláruðum sameiningu ráðuneyta, svo komu kosningar og við erum komin í aðra sameiningu. Og öll þessi húsnæðisvandamál sem við lentum í,“ segir hann og dæsir. „En þetta hefur samt verið ótrúlega skemmtilegur tími og brjáláð að gera. Sem betur fer hefur gengið ágætlega og mér líst vel á framhaldið.“ ■

Á aðalfundi Sameykis var farið yfir atburði viðburðaríks árs

Eftir Óla Kristján Ármannsson

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson



Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannajónustu fór fram á Grand hótél Reykjavík 27. Mars sl. Fundarstjórnannaðist Gísli Hall lögmaður, en á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf. Fundurinn fór fram bæði í sal og með rafrænum hætti til að gefa sem flestum kost á að fylgjast með og taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Kári Sigurðsson formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir verkefni félagsins. Hann sagði síðasta ár hafa verið afar viðburðaríkt og nokkra áskorun, enda allir samningar lausir. „Það fór því mikil vinna á árinu í samninga-viðræður og samningagerð. Ekki verður annað sagt en að nokkuð vel hafi gengið að semja. Nú eru allir kjarasamningar hjá Sameyki í gildi en sá síðasti var kláraður í lok febrúar á þessu ári,“ sagði hann.

Næg verkefni fram undan

Jafnframt fór Kári yfir þær breytingar sem orðið hafa á skipan stjórnar frá síðasta aðalfundi í mars 2023 og aðdraganda þess að gert var samkomulag um starfslok við Þórarin Eyfjörð sem lét af starfi formanns í október í fyrra. Var það vegna ágreinings milli formanns og stjórnar um áherslur og stefnu í verkefnum félagsins. Pakkaði hann Þórarin störf hans í þágu félagsins.

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis.

Kári tók við formennsku í byrjun árs af Ingibjörgu Sif Sigríðardóttur, sem gegnt hafði starfinu í um þriggja mánaða skeið.

Í ræðu sinni upplýsti Kári jafnframt að verkefni væru næg fram undan, en til dæmis stæði til að auka gagnsæi um störf stjórnar og bæta innri samskipti félagsins, svo sem með birtingu fundargerða stjórnar og aukinni áherslu á upplýsingagjöf og samskipti við trúnaðarmenn félagsins. Þá kom fram að í smíðum væri ný heimasíða Sameykis, en stefnt væri að því að hún yrði tekin í gagnið í lok árs.

Reikningar samþykktir

„En síðast en ekki síst ætlum við að halda áfram að vinna ötulega og af heilindum að því sem mestu máli skiptir — réttindum, kjörum og velferð félagsmanna,“ sagði Kári og bætti við að Sameyki stæði á sterkum grunni. „Og með samstöðu, virðingu og ábyrgð að leiðarljósi höldum við áfram að byggja upp öflugt félag sem stendur með sínum félagsmönnum — í kjarabaráttu, réttindamálum og í daglegu lífi.“

Borghildur Sigurðardóttir fjármálastjóri Sameykis, fór yfir reikninga félagsins og í kjölfarið fór fram umræða um þá og um starfsemi félagsins. Reikningar voru svo samþykktir með nærri 87 prósentum atkvæða.

Farið yfir horfur í rekstrinum

Á fundinum sagði Þórarinn Eyfjörð jafnframt formlega af sér formennsku og hélt tölu af því tilefni. Hann leit í orðum sínum til þess árangurs sem náðst hefur í verkalýðsbaráttunni síðustu áratugi og þeirra verkefna sem hæst hafa borið síðustu ár. „Ég óska Sameyki og öllum öðrum alls hins besta í framtíðinni,“ sagði hann í lok ræðu sinnar.

Eftir umræðu og kosningu um breytingar á lögum félagsins fór Gunnsteinn R. Ómarsson skrifstofustjóri Sameykis yfir fjárhagsáætlun félagsins og horfur í rekstrinum. Sagði hann vilja standa til þess að styrkja starfsmannahópin til að tryggja áframhaldandi góða þjónustu við félagsfólk, sér í lagi á kjaradeild og vegna nýrrar heimasíðu sem væri í smíðum.



Gunnsteinn R. Ómarsson, skrifstofustjóri Sameykis.

Breytt félagsgjald samþykkt

Þá væri í gangi áframhaldandi uppbygging tengd orlofshúsum félagsins, bæði á Úlfjótssvatni og í Vaðnesi, auk þess sem fyrir dyrum stæðu kaup á tveimur íbúðum á Akureyri, en á móti yrðu líka seldar fasteignir þar. Fundurinn samþykkti einnig breytingu á félagsgjaldi sem 1. maí næstkomandi fer úr 1,1 prósent í 1,0 prósent og skiptist þannig að 0,87 prósent renna til Félagssjóðs, en gjald til vinnudeilissjóðs verður 0,13 prósent. ■



Ályktanir aðalfundar

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Á aðalfundi Sameykis sem fram fór 27. mars síðastliðinn á Grand hótél Reykjavík samþykkti fundurinn fjórar ályktanir. Þær snúa að leiðréttingu á vanmati á kvennastörfum, því hvernig hagræðingartillögur ríkisstjórnarinnar veikja réttindi opinbers starfsfólks og geta haft skaðleg hliðaráhrif og að breytingum sem skerða verkfallsrétt verkalýðsfélaganna.

Ályktanirnar fundarins eru eftirfarandi:

Ályktun 1: Löngu tímabær leiðrétting á kerfisbundnu vanmati á kvennastörfum

Sameyki lýsir yfir stuðningi við baráttu BSRB og Kvennaárs 2025 þess efnis að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir að leiðrétta kerfisbundið vanmat á kvennastörfum. Samkvæmt BSRB og Kvennaári eru atvinnutekjur kvenna á Íslandi enn um 21% lægri en karla og er helsta ástæða launamunar kynjanna kynjaskiptur vinnumarkaður og vanmat á hefðbundnum kvennastörfum. Stjórnvöld þurfa að leiðrétta

kerfisbundið vanmat á kvennastörfum og tryggja virkt eftirlit með kynbundnum launamun.

Ályktun 2: Hagræðingartillögur ríkisstjórnarinnar miða að því að veikja réttindi opinbers starfsfólks

Sameyki hafnar þeim hagræðingartillögum ríkisstjórnarinnar að fella á brott ákvæði í lögum um að áminna þurfi opinbera starfsmenn áður en til uppsagnar kemur. Reglur um áminningarferli opinberra starfsmanna má finna bæði í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og kjarasamningum starfsmanna sveitarfélaga. Samkvæmt lögum gilda engar sérreglur á opinberum vinnumarkaði aðrar en þær sem eiga við um uppsagnir starfsfólks vegna skipulagsbreytinga. Almennt gildir að ef uppsögnin er ekki liður í skipulagsaðgerðum þarf fyrst að áminna starfsmanninn og gefa viðkomandi kost á að bæta ráð sitt áður en til uppsagnar kemur. Um er að ræða réttindi sem opinberir starfsmenn hafa náð fram með þrotlausri baráttu og eru tryggð bæði í kjarasamningum og í lögum frá Alþingi.



Ályktun 3: Aðförin að verkfallsrétti verkalyðsfélaga er afturhvarf til fortíðar

Sameyki hafnar þeim hagræðingartillögum ríkisstjórnarinnar sem snúa að því að efla valdheimildir ríkissáttasemjara til að grípa inn í vinnudeilur. Ljóst má þykja að ætlunin sé að skerða verkfallsrétt verkalyðsfélaganna í landinu. Sameyki lítur svo á að það lýðræði sem verkalyðshreyfingin hefur byggt upp sé í samræmi við alþjóðasamninga, að félagsfólkið sjálft greiði atkvæði um hvort farið verði í verkfall til að knýja fram kröfur sínar. Það er lykilatriði á vinnumarkaði að launafólk semji um kaup og kjör á eigin forsendum og í virku samtali við atvinnurekendur. Engin ein manneskja eða embætti á vegum ríkisins á að geta gripið inn í það og þar með komið í veg fyrir verkalyðsbaráttu. Það er hluti lýðræðis að launafólk geti hafið verkfall og ríkisstjórn landsins ætti frekar að styðja þau réttindi og leiðir sem til þess eru farnar af sömu virðingu og verkalyðshreyfingin.

Ályktun 4: Hugmyndir um niðurskurð í opinberum rekstri geta verið varasamar

Skorað er á stjórnvöld að fara varlega í innleiðingu hagræðingartillagna í opinberum rekstri. Niðurskurður í opinberum rekstri hefur sérstaklega neikvæð áhrif á konur, sem eru mikill meirihluti starfsfólks á opinbera vinnumarkaðnum. Viðvarandi niðurskurðar- og aðhaldskröfur hafa veikt opinbera þjónustu. Starfsaðstæður eru víða erfiðar vegna manneklu og skorts á fjárfestingu í húsnæði, viðeigandi búnaði og tækjum. Þá eru viðvarandi niðurskurðarkröfur rót félagslegs óstöðugleika og til þess fallnar að veikja velferðarkerfið. Sameyki minnir stjórnvöld á að eitt af meginverkefnum ríkis og sveitarfélaga er að halda uppi öflugu velferðarkerfi. Öflugt velferðarkerfi tryggir örugga framfærslu, framúrskarandi heilbrigðis- og félagsþjónustu, menntun og jafnrétti óháð búsetu og efnahag. Það öfluga velferðarkerfi sem við höfum byggt upp og sú þjónusta sem hið opinbera er skuldbundið til að veita almenningi er mikilvæg fyrir framfarir samfélagsins og hagsæld til lengri tíma. ■



Þýðir ekki að koma pirruð í vinnuna

Eftir Axel Jón Ellenarson

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson/BIG

Hástökkvari ársins í mannauðskönnuninni Stofnun ársins 2024 fór upp um 66 sæti frá síðustu könnun.

Vinnustaðurinn er íbúðakjarninn Rökkvatjörn í Úlfársárdal í Grafarholti sem er heimili fólks með fötlun. Þar búa sex einstaklingar og 19 starfsmenn vinna við þjónustuna í ellefu og hálfu stöðugildi.

Forstöðukona Rökkvatjarnar er Sigríður María Einarsdóttir, sálfræðingur frá Háskóla Íslands, og segir hún að það hafi komið sér á óvart að vinnustaðurinn hafi hlotið þessa viðurkenningu. Sigríður María hefur starfað í Rökkvatjörn frá því hún útskrifaðist úr háskólanum, fyrst sem stuðningsráðgjafi, þá sem deildarstjóri eftir ár og tók svo við hlutverki forstöðumanns í byrjun þessa árs. Starfshópurinn er blandaður, að mestu fólki á aldrinum 20–30 ára en einnig eldri, sem skiptir máli vegna fjölbreytileika og reynslu að sögn Sigríðar Maríu.



Áhersla lögð á að virkja íbúa til þátttöku í samfélaginu

„Við sem hér störfum veitum fólki með fötlun þjónustu við allar athafnir daglegs lífs. Við erum sjö sem störfum hérna í fullu starfi og svo bætist við starfsfólk um helgar, á kvöldin og á næturvöktum. Við leggjum mikla áherslu á að virkja íbúana til þátttöku í samfélaginu og skipuleggjum ferðir á bókasöfn, sundferðir, leikhúsferðir, gönguferðir og ýmsar athafnir sem fylgja daglegu lífi fólks. Þá reynum við að fara á viðburði í miðborginni því það er mikilvægt að virkja fólk með fötlun í samfélaginu. Það má ekki einangrast heima hjá sér. Þess vegna skiptir vellíðan starfsfólks á vinnustaðnum miklu máli.“

Sigríður María segir að á síðasta ári hafi Eva Dögg Júlíusdóttir, sem starfar í íbúðakjarnanum í Starengi 6, komið inn með öflugum hætti og hjálpað að endurskipuleggja starfseminna. Það hafi breytt miklu um hvernig starfsandinn þróaðist til betri vegar og aðferðirnar sem hún notaði breytt samskiptum á vinnustaðnum.

„Eva Dögg, ásamt stuðnings- og stjórnendateymi frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, hafði hrundið af stað umbótavinnu fyrir Rökkvatjörn með það að markmiði að fara yfir alla þætti starfseminnar og bæta úr því sem betur mátti fara. Ástæða þessa var að ekki var nógu góður starfsandi á vinnustaðnum og mikill vilji var til að bæta úr því. Starfsfólkið var ekki nógu sátta í vinnunni og fannst að ekki væri á það hlustað. Það skipti mestu máli að snúa því við, þannig að starfsfólkið myndi að á það væri hlustað og tekið væri mark á álit þeirra, en líka að það gæti haft áhrif á störf sín. Í þessu umbótastarfi var farið í að búa til nýjar verklýsingar og einstaklingsáætlanir með starfsfólkinu. Þannig skapaðist traust um að fólk hefði eitthvað að segja um hvernig störfín væru unnin á vinnustaðnum,“ útskýrir Sigríður María.

Yfirmenn segja ekki starfsfólki fyrir verkum

Sigríður María segir að stigveldi í stjórnun skili ekki bestum árangri í mannauðsmálum í Rökkvatjörn. Til að skapa vellíðan meðal starfshópsins þarf að jafna stigveldið þannig að starfsfólkið taki virkan þátt í hvernig störfín eru mótuð. Hver og einn axlar sína ábyrgð en ekki eingöngu yfirmaður á vinnustaðnum.



„Ég vil líka að fólk finni að því er frjálst að ræða allt sem það langar til við stjórnendur vinnustaðarins hvenær sem er og því sé vel tekið.“

„Við látum hvern og einn starfsmann vita af því að hann skipti máli í starfinu; að framlag hvers og eins sé mikilvægt. Við gerum það t.d. með hrósi fyrir vel unnin störf og svo höldum við upp á afmæli með því að færa afmælisbarninu köku á vinnustaðnum í tilefni dagsins. Það skapar gleði og samstöðu í starfsmannahópnum. Við erum meðvitund um að enginn einn ræður öllu, ekki einn yfirmaður ræður yfir öðrum. Það skiptir máli að fólki sem vinnur með íbúunum hérna líði vel og því finnist gaman að koma í vinnuna. Allt hefur áhrif í því sambandi. Við látum fólk vita af því sem vel er gert í þeirra störfum því það er auðvitað gott að byggja upp jákvæðni á vinnustaðnum og það er valdeflandi fyrir alla.“

Vinna áfram að eflingu vinnustaðarins

Sigríður María segir að unnið verði áfram við að efla vinnustaðinn, gera hann betri og að fólki líði vel og hlakki til að mæta í vinnuna, enda sé vellíðan starfsfólks í Rökkvatjörn forsenda góðrar þjónustu við íbúana sem þau vinna með. „Við munum halda áfram, rýna í niðurstöðurnar úr mannauðskönnuninni og vinna úr þeim. Við ætlum að halda áfram að vinna með þá þætti sem komu vel út í könnuninni og bæta okkur enn frekar. Ég vinn t.d. með þjónustumiðstöð

“

Ástæða þessa var að ekki var nógu góður starfsandi á vinnustaðnum og mikill vilji var til að bæta úr því. Starfsfólkið var ekki nógu sátta í vinnunni og fannst að ekki væri á það hlustað.



„Það var ótrúlega hvetjandi og ánægjulegt að fá þessi verðlaun á Stofnun ársins.“

Reykjavíkurborgar þar sem er mannauðsráðgjafi til staðar og leiðbeinir okkur ef á þarf að halda. Til stendur að kynna okkur EKKO-stefnu fyrir vinnustaðinn sem er hluti af góðri mannauðsstefnu, en að því sögðu er Reykjavíkurborg með slíka stefnu sem í raun gildir fyrir okkur sem starfsmenn borgarinnar. Ég er að kynna mér þessi EKKO-mál sem spurt var um í könnuninni. Við viljum líka fyrirbyggja að upp komi óánægja í starfsmannahópnum og það gerum við best með að halda reglulega starfsmannafundi þar sem starfsfólk getur rætt um það sem það langar til og einnig að bjóða til starfsmannaviðtala. Ég vil líka að fólk finni að því er frjálst að ræða allt sem það langar til við stjórnendur vinnustaðarins hvenær sem er og því sé vel tekið. Til að koma í veg fyrir að óánægja vindi upp á sig þarf að ræða um hana og leysa úr henni.“ Hún segir að trúnaðarmaður á vinnustaðnum skipti miklu máli. „Við fengum góða kynningu á störfum trúnaðarmannsins hjá Sameyki. Við viljum að okkar starfsfólk þekki hlutverk hans vel og viti að það getur leitað til trúnaðarmannsins ef svo ber undir,“ segir Sigríður María.

Bjuggumst ekki við neinu á Stofnun ársins

„Það var ótrúlega hvetjandi og ánægjulegt að fá þessi verðlaun á Stofnun ársins. Við mættum þarna bara tvö, ég og samstarfsmaður minn Garðar Þór Pétursson, deildarstjóri, og bjuggumst ekki við neinu. Ég vil ítreka að þessi könnun er mjög mikilvæg, því í henni fá allir að segja sitt um sinn vinnustað og hægt er að vinna með niðurstöðurnar til að

“

Við fengum góða kynningu á störfum trúnaðarmannsins hjá Sameyki. Við viljum að okkar starfsfólk þekki hlutverk hans vel og viti að það getur leitað til trúnaðarmannsins ef svo ber undir.

skapa betri vinnustað og bæta mannauðsmálin. Við fórum upp um 66 sæti í könnuninni og það gerðist vegna þess að við tókum upp nýtt sjónarhorn á hvernig við ætlum að vinna hérna, eins og ég lýsti áðan. Þú getur ekki mætt á vakt í þessu starfi og verið bara pirraður, við vitum það. Við vitum líka að ef okkur líður vel í vinnunni og hlökkum til að mæta smitast það áfram til íbúanna. Þau finna að þér líður vel því við erum að vinna inni á heimilum fólks og samskiptin eru mjög náin,“ segir Sigríður María að lokum. ■

FJÖLSKYLDUDAGUR Í HEIÐMÖRK

Sameyki stendur fyrir fjölskyldu- og gróðursetningardegi í **Landmannareit**
Sameygis í Heiðmörk sunnudaginn 18. maí milli kl. 12 og 15, þar sem
félagsfólki býðst að taka þátt í frekari gróðursetingu í reitnum.

Boðið verður upp á veitingar fyrir alla fjölskylduna í fallegu umhverfi.




Skráning

Mikilvægt er
að áhugasamir
skrái sig á
viðburðinn
á heimasíðu
Sameygis svo
unnt sé að áætla
magn veitinga.

Leiðarvísir

Gott er að leggja bíl á
Borgarstjórplaninu,
sjá kort, og ganga
þaðan merкта leið um
600 metra í lundinn.



Hlökkum til að sjá ykkur





Til upplýsingar fyrir félagsfólk vegna dreifingar á Tímariti Sameykis

■ Stjórn Sameykis hefur ákveðið að gera breytingar á útsendingu Tímarits Sameykis. Framvegis verður tímaritið aðeins sent heim til félagsfólks sem óskar sérstaklega eftir því að fá það sent.

Þetta verður auglýst nánar á vefmiðlum Sameykis á næstunni og fer vonandi ekki fram hjá þeim sem áhuga hafa á að fá tímaritið sent heim.

Eins og áður verður tímaritið aðgengilegt á Sameykisvefnum. ■



Eignasala fyrirséð

Fram kemur í fjárfestingarstefnu Brúar lífeyrissjóðs fyrir yfirstandandi ár að fjárfestingarstefna R deildar, sem til varð á síðasta ári við sameiningu Brúar lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, sé sem fyrr varkár og markmið hennar að ekki reyni frekar á bakábyrgð Reykjavíkurborgar. Þó sé fyrirséð eignasala sjóðsins á næstu árum til að standa undir lífeyrisgreiðslum, því lífeyrisbyrðin þyngist á hverju ári.



„Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er horft til núverandi ávöxtunar eignaflokka, væntanlegrar útgáfu og skráningar og annarra þátta sem talið er að kunni að hafa áhrif á fjárfestingaumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar,“ segir í fjárfestingarstefnunni. Virði eignasafns sjóðsins var um 94,2 milljarðar króna í lok september 2024. ■

Starfsfólkið eins og ein stór fjölskylda

Eftir Bjarna Brynjólfsson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson



Kristín Helgadóttir stýrir leikskólanum Lyngheimum í Grafarvogi en leikskólinn fékk viðurkenningu sem Stofnun ársins 2024 í flokki meðalstórra starfsstöðva hjá Reykjavíkurborg. Lyngheimar hafa fjórum sinnum áður skorað mjög hátt í könnuninni um Stofnun ársins og verið valdir fyrirmyndarstofnun.

Tvö stór veggspjöld, sem sýna að Lyngheimar eru Stofnun ársins 2024 og Fyrirmyndarstofnun 2023, taka á móti börnum, aðstandendum og gestum við aðalinngang leikskólans. Inni er líf og fjör en allt í röð og reglu. Á móti mér tekur brosandi kona og heilsar alúðlega. Það er Kristín Helgadóttir leikskólastjóri. Kristín hefur starfað lengi á leikskólanum og var áður aðstoðarleikskólustjóri. Hún segir að starfsmannavelta á leikskólanum sé lítil og hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara hátt.

“

Við höfum skýr fagleg markmið, sem skiptir miklu máli, bæði fyrir starfsfólkið og börnin.

Fyrirverandi leikskólabörn meðal starfsfólks

Hún segir að Lyngheimar sé svokallaður sköpunarleikskóli sem starfi í anda ítölsku stefnunnar sem kennd er við héraðið Reggio Emilia. „Við höfum skýr fagleg markmið, sem skiptir miklu máli, bæði fyrir starfsfólkið og börnin. Það munar svo sannarlega um að hafa sterkt faglegt starfsfólk,“ segir

“

Ég er bara ein af hópnum og er bara í gallabuxum og strigaskóm í vinnunni eins og hinir. Mér finnst mikilvægt að taka þátt í öllu sem verið er að gera.

Kristín en um 26 manns vinna á leikskólanum að jafnaði. Í hópnum eru nokkrir erlendir starfsmenn sem hafa aðlagast vel. Þá er nokkuð um ungt fólk sem vinnur í afleysingum. Þar af eru nokkur sem áður voru börn á leikskólanum, sem Kristínu finnst mjög „krúttlegt“. Þótt ekki séu margir karlmenn starfandi á Lyngheimum frekar en öðrum leikskólum eru þeir samt nokkrir. Þá hefur starfsfólk, sem hefur breytt um starfsvettvang eða farið í nám, oftast en ekki komið aftur til starfa á leikskólanum.

Eins og blóm saman í vasa

„Einn starfsmaður orðaði það við mig eitt sinn að starfsfólkið hérna væri eins og ein stór fjölskylda. Mér fannst vænt um það álit. Önnur kom með nokkuð sniðuga samlíkingu. Hún sagði að við værum eins og blóm í vasa, öll með okkar eigin ilm og ólík en saman í vasanum,“ segir Kristín og brosir. Hún útskrifaðist úr Fósturskóla Íslands og hefur hvorki tekið meistaraþráðu né nám í stjórnun, en hefur langa og mikla reynslu af stjórnunarstörfum á leikskóla. Kristín hefur hlýtt bros og jákvæða nærveru og ég hef orð á því við hana. „Já, maður verður að hafa ánægju af vinnunni til að allt gangi upp. Það er vissulega gott að hafa nám í stjórnun sem bakgrunn en ég trúi því samt að margt í stjórnun almennt sé í fari manns sjálfs.“ Hún kveðst leggja upp úr að taka þátt í öllu sem starfsfólkið gerir. „Ég er bara ein af hópnum og er bara í gallabuxum og strigaskóm í vinnunni eins og hinir. Mér finnst mikilvægt að taka þátt í öllu sem verið er að gera.“

Gerðu starfsmannaaðstöðuna hlýlegri

Pegar Kristín tók við sem leikskólastjóri fannst henni mikilvægt að bæta starfsmannaaðstöðuna umtalsvert. Hún segir að það skipti máli varðandi vellíðan starfsfólksins og einnig nemendanna. Þá sé mikilvægt að kennarar eigi sér athvarf í notalegri setustofu. „Hér var svolítið þungt yfir öllu og við fórum markvisst í að bæta starfsaðstöðuna í skólanum og koma á skýru skipulagi. Við bjuggum til rúmgóða og fallega kaffistofu og settum fallegar mottur á gólf. Ég legg líka upp úr því að hafa árstíðabundnar skreytingar á vinnustaðnum til að lífga upp á tilveruna. Það er alltaf notalegt að koma með eitthvað óvænt á kaffistofuna.“



„Ég vinn alltaf aðeins inni á deild líka og legg mig fram um að koma inn á hverja einustu deild í skólanum á hverjum degi og læt það sem er að gerast þar skipta mig máli.“

Upplýsingagjöf mikilvæg

Kristín segir að lykillinn að góðum árangri í könnun Sameykis um stofnun ársins sé m.a. byggður á framangreindu en jafnframt að skipulag og stjórnun byggji á festu. Reglulegir fundir eru haldnir með kennurum og þar er Kristín með markvissa upplýsingagjöf um starfið framundan og umræður um hvað hefur verið að gerast í starfinu, svo allir séu vel upplýstir um það sem er að gerast í skólanum. Hver og einn starfsmaður þekkir sitt hlutverk og allir taka á hlutunum saman ef leikskólinn þarf á að halda.

„Það er mikilvægt að bera virðingu fyrir fólkinu sínu og hafa mjög gott skipulag og upplýsingaflæði, ásamt að gæta að því að hafa starfsumhverfi fyrir börnin og starfsfólkið eins gott og kostur er. Við reynum að hafa alla með í sama liðinu; kennarana, foreldrana og börnin. Ég og mín hægri hönd Guðlaug Gísladóttir aðstoðarleikskólastjóri erum alltaf til staðar. Ég vinn alltaf aðeins inni á deild líka og legg mig fram um að koma inn á hverja einustu deild í skólanum á hverjum degi og læt það sem er að gerast þar skipta mig máli. Þá sest ég með starfsfólkinu í hádeginu ef ég hef lausa stund. Svo skiptir einnig máli að maður sé drifandi sjálfur. Við erum með gönguhóp og þótt allir mæti ekki alltaf þá er gott að gera eitthvað saman.“

Hún kveðst stjórna mannauðsmálunum sjálf ásamt aðstoðarleikskólastjóranum. „Ef taka þarf á einhverjum málum þá göngum við í það saman. Og við tökum á því strax. Ef málið er ekki á mínu sérsviði þá leita ég til mannauðsstjórans á fagsviðinu til að spegla mig. Ég leita mér alltaf aðstoðar því ég er ekki sérfróð í öllu eins og gefur að skilja.“

Telur að jákvæðni hafi mikið að segja
Vinnið þið eftir EKKO-stefnunni?

„Við erum með aðgerðaaætlun ef mál sem heyra undir þá stefnu koma upp. Við erum með góða handbók fyrir starfsmenn þar sem eru alls konar góðar upplýsingar. Slík mál hafa ekki komið oft upp hjá okkur en auðvitað kemur alltaf eitthvað missætti upp á löngum tíma. Þessi leikskóli er ekki frábrugðinn öðrum vinnustöðum hvað það snertir. Fólkið okkar er yfirleitt mjög jákvætt og talar um að það sé

“

Á haustin þegar við hefjum skipulagsvinnu fyrir veturinn hvet ég fólk til að koma til mín ef það er óánægt með eitthvað. Við reynum alltaf að finna lausnir saman. Það er mikilvægt að fólk fái áheyrn með óánægju sína.

gott að koma hérna inn og gott að mæta í vinnuna. Ef það er þannig hefur maður náð góðum árangri. Ég tel að jákvæðni hafi mikið að segja og betra að tala frekar um lausnir en vandamál. Maður þarf að vera tilbúinn í verkefnið frá degi til dags. Stjórnandinn verður að hafa áhuga á málum sem fólk er að vinna í.“

Hvernig bregðist þið við ef upp kemur óánægja í starfsmannahópnum?

„Á haustin þegar við hefjum skipulagsvinnu fyrir veturinn hvet ég fólk til að koma til mín ef það er óánægt með eitthvað. Við reynum alltaf að finna lausnir saman. Það er mikilvægt að fólk fái áheyrn með óánægju sína.“

Gerum margt til að hrista hópinn saman

Starfsfólkið á Lyngheimum fagnaði að sjálfsögðu nafnbótinni Stofnun ársins.

„Við fórum nokkur saman á athöfnina og það var skemmtilegt. Starfsfólkið valdi sér síðan að fara saman í pizzu og keilu. Núna erum við í svokölluðu Heillasporaverkefni en sú stefna á upphaf sitt í Glasgow. Við erum öll á leiðinni þangað í apríl og ætlum að heimsækja skóla sem er í þessu verkefni þar. Það er mikil spenningur fyrir þeirri ferð. Við gerum líka ýmislegt til að hrista hópinn saman og hafa gaman, en við erum með skemmtinefnd sem skipuleggur viðburði.“ Hún segir Reykjavíkurborg búa vel að skólanum og kveðst hafa mikið frelsi til að stýra sínum skóla. „Okkur skortir ekkert og fólkið mitt kvartar ekki yfir að eitthvað vanti. Við endurnýjum reglulega allan efnivið og búnað fyrir starfsfólk. Þetta er vel búinn skóli,“ segir hún hress í bragði. ■



„Núna erum við í svokölluðu Heillasporaverkefni en sú stefna á upphaf sitt í Glasgow. Við erum öll á leiðinni þangað í apríl og ætlum að heimsækja skóla sem er í þessu verkefni þar.“



„Við starfsfólkið greindum vandamálin í starfsemi, ræddum lausnir og teiknuðum upp verkferla.“

„Gott fyrir mórallinn þegar allir vinna saman“

Eftir Bjarna Brynjólfsson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Kvikmyndasafn Íslands hlaut viðurkenninguna Stofnun ársins 2024 í hópi lítilla ríkisstofnana. Þóra Sigríður Ingólfsdóttir forstöðumaður Kvikmyndasafnsins er hæstánægð með viðurkenninguna sem hún segir mjög mikilvæga.



Hraglandi lemur andlitið þegar ég sting mér inn í gamla frystihúsið í Hafnarfirði sem hefur breytt um hlutverk, en þar eru nú kældar filmur. Þóra Sigríður forstöðumaður tekur á móti mér í anddyrinu. Þar trónir einnig glæsilegur langur verðlaunagripur frá Sameyki, skorinn úr ryðfríu stáli, um

að Kvikmyndasafnið sé Stofnun ársins 2024. Í stað þess að hýsa freðinn fisk eru stórar frystigeymslurnar nú nýttar til þess að varðveita kvikmyndarar þjóðarinnar, en geyma þarf filmur í vel kældu húsnæði. Þóra Sigríður sýnir mér húsakynnin. Um leið og við förum um safnið kynnir hún starfsfólkið sem vinnur að því að hlúa að munum safnsins og vernda fyrir ágangi tímans. „Við erum tíu herna,“ segir Þóra Sigríður þegar við höfum komið okkur fyrir á notalegri skrifstofu hennar. „Við myndum gjarnan vilja vera 20. Það er nóg að gera en fjármagnið er takmarkað.“

Kynjahlutfallið hefur jafnast

Er þetta góður hópur?

„Já, sérstaklega. Við erum með sérfræðinga í endurgerð og skönnun á filmum og sérfræðing sem er að rannsaka

“

Starfsfólki líður alltaf betur þegar það veit nákvæmlega til hvers er ætlast af því. Einnig er mikilvægt að treysta starfsfólkinu og vera ekki að anda ofan í hálsmálið á því. Traust er eitthvað sem fólk vinnur sér inn.

fyrstu kvikmyndagerðarmennina á Íslandi. Hér er einungis fólk sem brennur fyrir kvikmyndum, sem er kannski stóra málið varðandi það að starfsemin gangi upp.“ Þóra Sigríður var skipuð forstöðumaður Kvikmyndasafnsins 2019. Hún var áður forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands þar sem hún tókst á við svipað verkefni við að stafvæða safnkostinn af segulböndum og kasettum. Þegar hún hóf störf hjá Kvikmyndasafninu var starfsfólkið þar færri. Hún segir að kynjahlutfallið hafi jafnast eftir að hún hóf störf. „Þetta hefur bara einhvern veginn gerst og ekki endilega verið einbeittur ásetningur af minni hálfu, en ég er hins vegar mjög ánægð með þetta.“

Fóru í mikla skipulagsvinnu

Hverjar voru þinar helstu áskoranir þegar þú tókst við þessu starfi fyrir sex árum?

„Þær voru margar. Ég er bókmenntafræðingur í grunninn en svo er ég líka menntuð í stjórnsýslufræðum. Það var ekki stjórnsýslulegt skipulag í stofnuninni. Ég byrjaði á að skilgreina hvað við erum að gera hérna. Við starfsfólkið greindum vandamálin í starfseminni, ræddum lausnir og teiknuðum upp verkferla. Einnig þurfti að koma upp löggiltu skjala- og beiðnakerfi. Ég tel að það hafi verið mjög hollt að fara í gegnum þetta því oft er fólk að vinna við eitthvað sem hefur alltaf verið gert á ákveðinn hátt, en enginn veit af hverju.“

Þóra Sigríður segir að á litlum starfsstað þurfi starfsmenn að hafa fleiri en einn hatt. „Við erum svo fá að við hoppum stundum á milli starfa. Ég er til dæmis með nokkur hlutverk; ég sé um allt sem varðar stjórnina, mannauðsmálin, ruslflokkun og loftræstingu. Svo erum við öll sveigjanleg ef einhvers staðar er verk að vinna. Til dæmis fengum við afhent allt kvikmyndasafn Vilhjálms Knudsen sem var sonur Ósvaldar Knudsen. Eftir lát Vilhjálms fórum við öll í að tæma heimili hans og það voru mörg bretti sem þurfti síðan að vinna úr. Það er bara gott fyrir mórallinn þegar allir vinna saman.“

Safnið geymir mikinn fjársjóð

Um hvað snýst starfsemin í meginráttum?

„Hlutverk safnsins er að safna og varðveita íslenskt kvikmyndaefni. Við gerum það markvisst með því að kalla inn efni frá öllum kvikmyndagerðarmönnum, allar nýjar og styrktar myndir en einnig þær sem eru ekki styrktar af Kvikmyndasjóði. Við erum búin að tengja þessi innköll við lokagreiðslu styrks frá Kvikmyndasjóði þannig að framleiðendur fá ekki lokagreiðslu fyrr en það er búið að skila kvikmyndinni hingað. Það má skipta hlutverki safnsins í fernt: Safna, varðveita,



„Við gerum það markvisst með því að kalla inn efni frá öllum kvikmyndagerðarmönnum, allar nýjar og styrktar myndir en einnig þær sem eru ekki styrktar af Kvikmyndasjóði.“



„Við erum auðvitað með í okkar starfsmannastefnu hvernig eigi að taka á svona málum.“

rannsaka og sýna. Við gerum upp myndir sem eru orðnar gamlar og slitnar, aðallega svarthvítar myndir. Við stafvæðingu eru rispúr, korn og skemmdir lagfærðar með stafrænni tækni. Þetta er mikill fjársjóður sem við viljum sýna almenn- ingi. Við höfum verið að gera það í þáttum á RÚV sem nefnast Perlur í Kvikmyndasafni og á vef sem heitir Ísland á filmu sem hefur verið mikið skoðaður. Fólk elskar þetta efni því það er svo mikil nostalgía fólgin í gömlum kvikmyndum.“

Gott samskiptaflæði og traust

Hverju þakkar þú árangurinn sem Kvikmyndasafn Íslands náði í könnuninni um Stofnun ársins?

„Ég held að lykillinn sé samtalið. Dyrnar hjá mér eru alltaf opnar þegar þarf að ræða málin. Húsið er mjög stórt þannig að það er auðvelt að einangrast úti í horni en við höldum reglulega fundi. Ef upp kemur eitthvert mál eða misskilningur þá setjumst við niður og tölum saman. Þegar upp koma vandamál er mikilvægt að stjórnandinn hafi virka hlustun. Við borðum öll saman í hádeginu þannig að samskiptaflæðið er gott. Ég er líka með reglulega upplýsingagjöf, sendi stutta pósta um vikuna framundan og fer yfir dagskrána. Þetta virka samtal og gott upplýsingaflæði eru aðalatriðin í þessum árangri. Ég tel einnig að það hafi virkað mjög vel að skipuleggja starfið vel. Starfsfólki líður alltaf betur þegar það veit nákvæmlega til hvers er ætlast af því. Einnig er mikilvægt að treysta starfsfólkinu og vera ekki að anda ofan í hálsmálið á því. Traust er eitthvað sem fólk vinnur sér inn.“ Þóra Sigríður segir að einnig sé mikilvægt að starfsfólkið geri eitthvað saman reglulega. Í því skyni séu haldnir starfsmannadagar tvisvar á ári þar sem farið er út fyrir stofnunina. „Þá erum við með einhverja fræðslu, borðum saman í hádeginu og svo er slútt á eftir.“

“

Starfsfólki líður alltaf betur þegar það veit nákvæmlega til hvers er ætlast af því. Einnig er mikilvægt að treysta starfsfólkinu og vera ekki að anda ofan í hálsmálið á því. Traust er eitthvað sem fólk vinnur sér inn.

Eruð þið með virka EKKO-stefnu, sem stendur fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi?

„Ég er bara nýbúin að heyra um EKKO-stefnuna. Við erum ekki með hana en við höfum sett okkur allar þær stefnur sem skylt er vera með eins og starfsmannastefnu, loftslagsstefnu og fleira. Eftir að hafa verið stjórnandi í 20 ár hef ég séð stefnur koma og fara. Maður notar bara það sem virkar. Við erum auðvitað með í okkar starfsmannastefnu hvernig eigi að taka á svona málum.“

Mikilvægt að óánægja fái ekki að krauma

Hvernig bregstu við ef upp kemur óánægja í starfsmanna- hópnum?

„Ég byrja nú fyrst á því að tala við viðkomandi, í sitthvoru lagi og svo saman. Stundum vill fólk ekki koma saman þegar misklið kemur upp. Þá leita ég til óháðs ráðgjafaraðila út í bæ. Ég þurfti að gera það hjá öðru fyrirtæki sem ég var hjá og það reyndist mjög vel. Ráðgjafinn setti ofan í við þau sem voru að rífast út af mjög smávægilegum hlut sem gerði þau óvinnufær. Það þurfti bara eitt skipti. Oft liggur eitthvað undir í svona málum sem sést alls ekki á yfirborðinu og erfitt er að komast til botns í. Það er mikilvægt að það sé ekki eitthvað að malla undir niðri sem fólk þorir ekki að tala um. Ég hef reynslu frá því annars staðar frá að það byrjar eitthvað lítið mál að krauma og svo er það allt í einu orðið stórmál. Best er tala um hlutina, afgreiða þá strax og spara sér þannig andlega orku.“

Þóra Sigríður segir að starfsfólkið hafi verið mjög ánægt með að Kvikmyndasafn Íslands hafi fengið titilinn Stofnun ársins 2024 og þótt viðurkenningin verðskulduð. „Við fögnuðum áfanganum með því að fara út að borða. Það var mjög skemmtilegt. Við fengum líka þennan fína verðlaunagrip sem er til sýnis í afgreiðslunni okkar. Ég var að hugsa um að taka hann með mér í ráðuneytið og nota hann til að pota í ráðherrann og biðja um meiri peninga,“ segir hún og brosir. ■



Vettvangsferð í Sorpu að skoða Gaju

Eftir Pétur Ásbjörnsson

Umhverfis- og loftlagsnefnd Sameykis fór í vettvangsferð til þess að skoða fyrirkomulag sorphirðumála á höfuðborgarsvæðinu í því skyni að fræðast um hvað verði um rusl okkar íbúanna og hvernig það sé flokkað.



Fyrst var farið í Gufunes, nánar tiltekið á þann stað sem kallaður er flokkunarstöð. Þangað berst úrgangurinn sem allir ruslabílarnir á höfuðborgarsvæðinu, gulu strumparnir eins og starfsfólk Sorpu kallar þá, bera að til flokkunarstöðvarinnar. Þar tekur við hópur starfsfólks sem fer yfir flokkunina og flokkar úrganginn enn betur. Þessi hópur sér einnig um að leiðbeina þeim sem koma með rusl frá fyrirtækjum og hjálpar þeim að flokka betur. Þar er einnig stór krani með gripkló og vinnur úr sorpinu. Að heimsókn lokinni í Gufunes var haldið í Álfnes þar sem við fengum fyrirlestur og síðan túr um sorpvinnslustöðina Gaju.

Mikil lykt var þar á starfsstöðinni, sem er ekki skrítið miðað við allt ruslið sem komið er með í meðhöndlun til Gaju. Þarna er lífræni úrganginn settur í stúur sem fylltar eru af lífrænum úrgangi og trjákurli svo lofti vel. Að því loknu er stúnni lokað og unnið úr henni gas sem myndast í rotnunarferlinu sem tekur um sjö vikur.

Í stúnum myndast einnig mikil hiti sem drepur flestar óæskilegar bakteríur. Í lok ferlisins hefur myndast mjög góð og næringarrik molta sem hægt er að nýta í gördum og til uppgræðslu lands. Alls eru um tíu stúur í Gaju sem innihalda úrgang á mismunandi vinnslustigi. Það kom ýmsum á óvart hversu þrífalegt var um að litast þrátt fyrir lyktina.

Þessi vettvangsferð okkar í umhverfis- og loftlagsnefnd var mjög áhugaverð og fræðandi að fá að koma þarna í heimsókn og þökkum við starfsfólki Sorpu kærlega fyrir góðar móttökur. ■

Höfundur er formaður umhverfis- og loftlagsnefndar Sameykis



Að grilla eða ekki grilla

Eftir Harald Jónasson



Þar sem sumardagurinn fyrsti kemur oft fullsnemma hér á Fróni er gott að hafa tök á því að elda inni í hlýjunni í stað þess að frjósa úti við grillið. Hamborgarar og heill kjúklingur eru fullkomið dæmi um mat sem gott er að elda hvar sem er. Það á ekki jafn vel við marineraðar lærissneiðar eða löðrandi grísahnakka. Þess konar hentar eingöngu í útielddhúsi. Nýr réttur á sumargrillið eða á pönnu í vorhretinu er kraftmikill kebab.

Helstu kebab-búllur heimsins grilla þunnt skorið kjöt á löðréttum teini þar sem það baðast í eigin fitu. Mörg grill bjóða upp á tein en yfirleitt liggur hann láréttur þannig að fitan lekur beint í grillið og auk þess þyrfti óheyrilegt magn af kjöti til að elda almennilegt kebab á snúningsteini. Þannig þyrfti grillarinn að standa við eldstæðið allt kvöldið því aðeins ysta lagið er skafið af í einu. Til að koma í veg fyrir þetta lítum við til Kanada. Já, Kanada – því þar nota þau farsað kjöt í kebab. Þetta snjallræði ætlum við að nýta með því að blanda kjötfarsi saman við nautahakk, grænmeti og krydd.

Að farsa eða ekki farsa

Kjötfarsið, það gamla góða, er tæknilega ekki nauðsynlegt. Kanadamaðurinn setur nautahakk í matvinnsluvél og farsar það þannig, en þá missum við töfrana sem felast í öllum aukaefnum búðarfarsins. Í því eru nefnilega alls konar efni sem láta kjöt hanga saman á lyginni einni saman.

Í matvinnsluvélina setjum við gróft skorið grænmeti og brauðrasp. Hægt er að nota japanskan pankó-brauðrasp eða bara klassíska Oxó. Nú, eða bara tvíristað brauð sem við myljum út í. Síðan púlsum við grænmetið og raspinn í matvinnsluvélinni til að saxa hráefnið. Síðan fer farsað saman við og loks hakkið. Allt er þetta hrært saman í vélinni. Ekki of mikið samt. Bara þangað til allt er komið saman. Ef engin er matvinnsluvél er hægt að fínsaxa grænmetið og hnoða það saman við restina. Það er jafnvel betra þannig en meira maus.

Að þessu loknu er afurðin mótuð í sæmilega flata klatta, plús/mínus 250 grömm hver. Það er líka smekklegt að vefja sirka hundrað grömmum af blöndunni utan um grillspjót og grilla það eða steikja á pönnu. Gott er að pensla þau með smá olíu. Þetta er eldað í gegn eða þangað til hitamælirinn sýnir rúmlega 65 gráður í kjarnanum. Þetta er ekki réttur sem á að vera bleikur í miðjunni.

Krydd, sósa og kolvetni

Matarmenning heimsins snýst að mestu leyti um krydd og magnið af því. Því austar sem við förum frá Glettingi því meira krydd er notað í matargerðina sem á endanum skila bragðmeiri réttum. Skandínavar krydda mat að jafnaði ekki mikið í þessum samanburði. Þess vegna er gott að byrja

hægt og rólega og nota lítið af framandi kryddi til að byrja með, en það er um að gera að prófa. Cummin og kóríander eru kryddtegundir sem fær þau sem alast upp hér á Fróni til að hugsa að maturinn sé langt að kominn.

Hvort tveggja kryddið fæst þó í öllum matvöruverslunum landsins. Þetta tvennt í bland við papriku- og hvítlauksduft dugir í flestum tilfellum til að setja „útlenskt“ bragð í matinn. En athugið að cummin er mjög afgerandi. Byrjið smátt og bætið við eftir því sem þolið eykst.

Kebab

500 gr nautahakk

300 gr kjötfars

1 dl brauðrasp

½ laukur

¼ paprika

1 tsk salt

1 tsk laukduft

1 tsk hvítlauksduft

1 tsk paprikuduft

1 tsk pipar

½ tsk rauðar piparflögur

½ tsk kóríanderduft

¼ tsk cumminduft

Sósa

½ dl majónes

½ dl grísk jógúrt

2 hvítlauksrif

1 msk jómfrúarolíu

1 msk þurrkuð steinselja

½ tsk salt

¼ tsk hvítur pipar

einstaklega gott sítrusbragð.

Best er að nýta brauð einhvers konar til að koma kjötinu og sósunni ofan í maga. Auðvitað má borða kebabinn brauðlaust, sér í lagi ef verið er að passa upp á kolvetnin. En gott píubrauð úr efri hillum frystideildarinnar lyftir réttinum á hærra plan svo ekki sé talað um heimagert flatbrauð.

Skerið kjötið og setjið í brauðið, blandið saman við fínt skorið ferskt grænmeti, t.d. kál, tómata og papriku. Smá sýrður eldipipar fullkomnar svo upplifunina, hvort sem maturinn er borðaður úti í flíspeysu eða inni á bolnum. Já og ekki gleyma sósunni. ■

Fleiri ljúffengar og skemmtilegar mataruppskriftir Hara má finna á vef Sameykis,



Svo er það sósan

Það verður ekkert grillað án sósu og það á svo sannarlega við um kebabgerð. Jafnvel þótt hann sé eldaður inni. Hvítlaukssósa er alger klassík. Majónes og grísk jógúrt eru blönduð til helminga og smáræði af jómfrúarolíu hrært saman við. Hvítlaukur, kreistur eða rifinn með míkróráspi, fer saman við ásamt smá salti og öðru kryddi eftir smekk. Steinselja, kóríander, dill og óreganó eru allt ákjósanlegar jurtir í sósu. Allt eftir stuði og stemmara. Gúrka og dill er gríska útgáfan, steinselja færir okkur lengra austur og óreganó getur verið bæði til austurs og suður fyrir miðju.

Jógúrtin gefur sýrur í sósuna. Líka er hægt að nota sýrðan rjóma og smá sítrónusafi gefur bjarta sýru í svona sósu. Ef sítrusávaxtasafi er brúkaður er gott að gleyma ekki að rífa smá bök líka. Hann gefur







Frúin í Þórshöfn

Eftir Breka Karlsson

„Litlu verður Vöggur feginn“ kom mörgum í hug þegar stýrivextir Seðlabankans voru lækkaðir úr 8% í 7,75%. Einungis í fjórum ríkjum Evrópu eru seðlabankavextir hærri en á Íslandi; í Tyrklandi, Rússlandi, Úkraínu og Belarús. Verðbólga á Íslandi er 3,8% sem þýðir að raunvextir Seðlabankans, það eru vextir að teknu tilliti til verðbólgu, eru rúmlega 3,8%. Einungis í Rússlandi eru raunstýrivextir hærri.

Raunvextir Seðlabanka allra landa Evrópu, nema Rússlands, Íslands, Belarús og Tyrklands eru lægri en 2%, og vextir flestra seðlabanka Evrópu eru um eða innan við einu prósentustigi hærri en verðbólga. Fyrir þau sem hafa gaman af samanburðartölfræði er miðgildi raunstýrivaxta í Evrópu 0,94% og meðaltal þeirra 1,41%. Þannig eru raunstýrivextir á Íslandi þrefalt til fjórfalt hærri en gengur og gerist í Evrópu.

Vissulega er baráttan gegn verðbólguvánni mikilvæg enda er mikil viðvarandi verðbólga mikil efnahagsleg meinsemd. Meðalið sem beitt er í baráttunni gegn henni, háir viðvarandi vextir, kemur þó einna verst niður á venjulegum skuldsettum heimilum. Það á í raun við hvort sem lítið er til eyðileggingarmáttar verðbólgunnar eða til lækningaúrræðisins. Þannig

eiga heimilin mikið undir efnahagsstöðugleika og segja má að tíðindaleyfi sé bestu fréttirnar. Krafan hlýtur alltaf að vera lítil verðbólga og lágir vextir.

Förum í samkvæmisleikinn „Frúin í Þórshöfn“: Algengir vextir íbúðalána á Íslandi eru nú um 9% til 10%. Sambærilegir vextir í Færeyjum eru frá tæpum 5%.

Margfaldaðu 50.000 kr. með fjölda milljóna króna sem þú skuldar í húsnæðislán. Ef lánið þitt stendur í 10 milljónum, er upphæðin 500.000 kr. Standi það í 40 milljónum er upphæðin 2 milljónir króna og svo framvegis.

Þetta er upphæðin sem þú greiðir árlega í vexti af húsnæðisláninu þínu umfram það sem Færeyingar greiða. Ímyndaðu þér svo hvað þú getur gert við peningana sem þú myndir spara ef vextir á Íslandi væru á pari við vexti í Færeyjum. Þú mátt segja já, nei, svart og hvítt!

Seðlabankinn virðist einhverra hluta vegna ekki sjá merki um skuldavanda heimila þrátt fyrir að umboðsmaður skuldara og forstjóri innheimtufyrirtækisins Motus hafi stigið fram og bent á að vanskil séu að aukast til muna. Þá kom fram í nýlegri könnun Prósents að rúmlega fjórða hvert heimili næði með naumindum endum saman.



“

Að meðaltali skulda íslensk heimili rúmar 20 milljónir króna í húsnæðislán og greiða því rúma eina milljón króna meira í vexti á ári en frændur okkar í Færeyjum.

Ljóst er að vaxtabyrði íbúðalána reynist mörgum íslenskum heimilum þungur baggi að bera. Seðlabankinn hvetur fólk til að flýja í stýrivaxtaskjól með því að skipta úr lánum með óverðtryggðum vöxtum í verðtryggð lán, sem lækkar vissulega greiðslubyrðina, en hinir himinháu vextir hverfa þó ekki, heldur bætast einungis við eftirstöðvar lánsins.

Þess utan þurfa íslensk heimili, ólíkt frændfólki okkar í Færeyjum, að gerast sérfræðingar í lánamálum og stíga öldu verðtryggingar, fljótandi, breytilegra og fastra vaxta. Væri það raunin ef vaxtastig hér á landi væri sambærilegt því sem það er í löndunum sem við viljum bera okkur saman við?

Á meðan raunvextir húsnæðislána á Íslandi eru um 10%, hvort sem lánin eru verðtryggð eða óverðtryggð, með fasta, fljótandi eða breytilega vexti, geta Færeyingar fengið húsnæðislán með um 5% vöxtum, sem þó eru sögulega háir vextir í færeysku samhengi. Þarna munar heilum fimm prósentustigum, eða 50.000 krónum á hverja lánsmilljón í vaxtagreiðslur á ári.

Að meðaltali skulda íslensk heimili rúmar 20 milljónir króna í húsnæðislán og greiða því rúma eina milljón króna meira í vexti á ári en frændur okkar í Færeyjum. Þannig greiða íslensk heimili samtals um 156 þúsund milljónir á ári umfram það sem þau gerðu, ef íslenskir vextir væru á pari við færeyska vexti. Þá er ótalinn óbæinn kostnaður heimilanna vegna hærri fjármagnskostnaðar íslenskra fyrirtækja sem einnig greiða mun hærri vexti, sem leiðir til hærri vöruverðs.

Þá stendur eftir 156 milljarða króna spurningin: Af hverju eru vextir á Íslandi tvöfalt hærri en í Færeyjum? Svörum henni, göngum í að leiðrétta það og spörum meðalheimilinu eina milljón króna á ári. Það væri til mikils unnið að lækka þessa himinháu vexti. Þar liggur ein stærsta kjarabótin.

Takk fyrir leikinn og baráttukveðjur á verkalýðsdaginn! ■

Höfundur er formaður Neytendasamtakanna.



Pórunn Gona Helgadóttir og Helena Sigurbergisdóttir með viðurkenningarskjöl sín á aðalfundi Sameyris sem fram fór 27. mars sl.

Hafa staðið dyggan vörð um réttindi starfsmanna á vinnustöðum sínum

Helena Sigurbergisdóttir, trúnaðarmaður hjá Isavia í Reykjanesbæ, og Pórunn Gona Helgadóttir, trúnaðarmaður hjá Íbúðakjarna við Teigasel 1 í Reykjavík, fengu á aðalfundi Sameyris viðurkenningu fyrir framúrskarandi alúð í störfum sínum sem trúnaðarmenn. Alls gegna um 330 manns stöðu trúnaðarmanns fyrir hönd Sameyris á vinnustöðum um land allt. Trúnaðarmenn eru meðal mikilvægustu tengiliða Sameyris við félagsfólk á vinnustöðum landsins og ekki að ástæðulausu sem löng hefð er fyrir því að heiðra árlega tvo trúnaðarmenn sem staðið hafa dyggan vörð um réttindi starfsmanna á vinnustöðum sínum.

Helena og Pórunn eru á meðal þeirra sem það hafa gert af mikilli alúð og voru þeim á aðalfundinum færður þakklætisvottur frá félaginu fyrir framúrskarandi störf í þágu hagsmuna félagsmanna Sameyris.

Helena hefur gegnt stöðu trúnaðarmanns f.h. Sameyris frá árinu 2017 ásamt því að vera í samninganefnd, þar sem hún hefur gætt af mikilli festu hagsmuna starfsfólks, staðið vörð um réttindi þeirra og barist fyrir bættri vinnuaðstöðu félagsmanna sinna og starfsfélaga á ört stækkandi vinnustað.

Pórunn Gona hefur gegnt stöðu trúnaðarmanns Sameyris frá árinu 2021 og staðið þéttan vörð um hagsmuni og réttindi vinnufélaga sinna ásamt því að koma á umbótum á vinnuaðstöðu þeirra. Pórunn sat í samninganefnd Sameyris við gerð síðustu kjarasamninga og sýndi þar mikinn dugnað og staðfestu.

Sameyki óskar Helenu Sigurbergisdóttur og Pórunni Gonu Helgadóttur til hamingju og þakkar þeim fyrir sitt mikilvæga framlag í þágu félagsins. ■



Líf og fjör á vorfagnaði lífeyrisdeildar

Vorfagnaður félagsfólks í Lífeyrisdeild Sameyris var haldinn í Gullhömrum í Grafarholti 9. apríl sl. Viðstöddum var boðið upp ljúfar veitingar og uppistand Vigdísar Hafliðadóttur sem skemmti við góðar undirtektir. Að borðhaldi loknu lék hljómsveit Gríms Sigurðssonar og Söru Grímsdóttur fyrir dansi. ■

MÍNAR SÍÐUR SAMEYKIS



Mínar umsóknir

Hér má finna umsóknir um styrki sem félagsfólk hefur sent inn, hvort sem þær eru í vinnslu eða afgreiddar. Nálgað má þau fylgiskjöl sem hanga á umsókninni og bæta við fylgiskjöllum og senda skilaboð til nánari útskýringar með því að smella á punktana þrjá undir skoða.



Samskiptaskilaboð

Hér er hægt að senda fyrirspurnir til skrifstofu um kjara- og réttindamál, orlofshús og auðvitað allar almennar fyrirspurnir. Starfsfólk Sameykis svarar síðan fyrirspurnum og félagsfólk fær tölvupóst um að ný skilaboð bíði inni á Mínunum síðum. Þarna er því hægt að halda utan um skilaboðin á einum stað.

Umsókn um styrki

Hér er hægt að senda um umsóknir um heilsu- og forvarnarstyrki, sjúkradagpeninga og fræðslustyrki. Til að hægt sé að afgreiða umsóknina er nauðsynlegt að hengja fylgigögn á umsókn í umsóknarferlinu, eins og t.d. greiðsluvittanir, reikninga, launaseðla, vottorð og fræðsludagskrá.



Mínar síður

Markmið með Mínunum síðum er m.a. að félagsfólk geti sent inn umsóknir um styrki og fyrirspurnir þegar þeim hentar þar sem öryggi persónuupplýsinga þeirra er tryggt. Einnig að gefa félagsfólki yfirsýn yfir stöðu sína hjá Sameyki.



Krossgátulausn



Lausnarorðið er **Svolgra**



Sudoku-lausnir



6	5	3	8	7	9	4	2	1
9	8	2	1	6	4	5	7	3
1	7	4	3	2	5	6	9	8
5	2	1	6	8	7	9	3	4
7	3	9	5	4	2	1	8	6
4	6	8	9	3	1	2	5	7
2	9	6	7	1	8	3	4	5
3	4	7	2	5	6	8	1	9
8	1	5	4	9	3	7	6	2

Lausn létt

4	6	9	5	8	7	2	3	1
7	1	8	9	2	3	6	5	4
5	2	3	4	6	1	9	8	7
8	4	6	7	3	2	1	9	5
9	3	2	1	5	4	7	6	8
1	7	5	6	9	8	4	2	3
3	8	1	2	7	6	5	4	9
6	5	4	8	1	9	3	7	2
2	9	7	3	4	5	8	1	6

Lausn miðlungs

2	9	4	3	8	7	1	5	6
8	3	6	1	5	9	4	7	2
7	5	1	4	2	6	9	3	8
6	1	8	9	3	5	7	2	4
9	2	5	6	7	4	8	1	3
4	7	3	8	1	2	6	9	5
5	8	9	7	6	3	2	4	1
1	4	2	5	9	8	3	6	7
3	6	7	2	4	1	5	8	9

Lausn erfið

		8			5		9	3
					7	8		1
	1			2			7	6
		7				4		
5			2		6			
1			9	5				8
3		5	7		1			4
	9	6				1	3	
	4		8	3				5

Létt


		2		5		9	4	
6					7	8	5	
		4	5	1		3		
9								
8			3			4	6	
	3			4		2		
5					9			8
					1			

Miðlungs

9					2			
	5							
		8	4			3	2	
						4		
	3				6			9
		4	7		5			1
		7	3	8		6	5	
				1				
						9		

Erfið

Sudoku-prautin felst í að leysa hana með því að fylla út í reitina, í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.



Vinningshafi krossgátunnar



Nafn Ingibjargar Leifsdóttur var að þessu sinni dregið úr potti þátttakenda sem skiluðu lausn á krossgátu síðasta blaðs; 1. tbl. 2025. Lausnarorðið var Svogla.

Ingibjörg er fædd árið 1938 og er í Lífeyrisdeild Sameykis. Hún starfaði áður sem læknaþjálfari hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, eða allt þar til hún lét af störfum vegna aldurs og gerðist þá félagi í Lífeyrisdeild Sameykis. Ingibjörg elskar lífið enda á hún marga afkomendur til að lifa fyrir og vill því lifa sem lengst, rétt að verða 87 ára. Hún segir vinninginn koma sér vel enda sé þautin góð æfing. Ingibjörg leysir því alltaf krossgátu blaðsins og gerir alla hluti sem eru hollir og góðir fyrir hana til þess að lifa sem lengst. Hún elskar lífið.

Við hjá Sameyki óskum Ingibjörgu innilega til hamingju með vinninginn og óskum henni velfarnaðar. ■



Verðlaunakrossgáta

Krossgátan er fastur liður í tímariti Sameykis, félagsmönnum vonandi til mikillar ánægju og yndisauka. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. júlí næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (20.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félags-

ins frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlega merkið umslagið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is ■

1. Maí

VIÐ SKÖPUM
VERÐMÆTIN

2025



Dagskrá 1. maí 2025 í Reykjavík

13:00 Safnast saman á Skólavörðuholti.

13:30 Gangan hefst og fer niður Skólavörðustíg, Bankastræti og Austurstræti að Ingólfstorgi. Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur spila á Skólavörðuholti og í göngunni niður á Ingólfstorg.

14:00 Útifundur hefst á Ingólfstorgi.

Fundarstýra er Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir sviðshöfundur og listakona. Margrét Pétursdóttir mun táknmálstúlka.

Dagskráin verður jafnframt textatúlkuð á ensku.

Ræðu flytja Karla Esperanza Barralaga Ocón starfskona í umönnun, trúnaðarmaður og stjórnarmaður í Eflingu og Jóhanna Bárðardóttir rafveituvirki, rafvirki og trúnaðarmaður RSÍ.

Mammaðín og Una Torfa munu taka lagið og í lok fundarins verður samsöngur.